

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN.

ATHUGUN Á FISKRÆKTAR-
MÖGULEIKUM Í GLERÁ.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

Sigurður Guðjónsson.

Agúst 1983.

Guðjónsson.

Agúst 1983.

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
INSTITUTE OF FRESHWATER FISHERIES
P.O. BOX 754—101 REYKJAVÍK ICELAND

Athugun á fiskræktar-
möguleikum í Glerá.

Inngangur.

Á vegum Veiðimálastofnunar var Glerá athuguð með tilliti til fiskræktarmöguleika þann 20.7 1983. Glerá er dragá og jökulsá að uppruna. Áin er um 20 km löng og er vatnasvið hennar um 90 km² (mynd 1). Rennsli árinna er mjög breytilegt. Meðalrennsli er 3,3m³/s en fer niður í 0,4 m³/s í frostum að vetrarlagi, en í leysingum sem geta staðið meira og minna allt sumarið fer rennslið upp í um 50m³/s (Rist 1951).

Hitastig árinna er líkast til lágt þar sem kólnunar gætir vegna jökuls- og snjóbráðar. Ef lofthiti hekkar eykst snjó og jökulbráð, og við það eykst rennsli og þá helst hitastig lágt. Áin er stutt og straumhörð og rennur langan veg í gljúfri, en rennur örstuttan spöl á láglandi og nær því ekki að hitna að ráði. Þegar áin var skoðuð var hitastig neðarlega í henni 6°C en lofthiti 18°C. Þennan dag var áin kolmórauð og vatnsmikil vegna sólbráðar.

En fleiri umhverfispættir en hitastig skipta máli í sambandi við uppeldisskiyrði fyrir fisk. Fæðuframboð á hvern fisk skiptir hér miklu. Fiskar lifa á ýmsum smádyrum sem aftur lifa á lífrænum leifum eða þörungum. Í flestum ám hér á landi er lítið um lífrænar leifar og byggist því fiskframleiðsla árinna á frumframleiðslu þörungna í árvatninu. Frumframleiðni þörungna er svo aftur háð magni næringarefna í árvatninu. Magn næringarefna í árvatninu ræðst að miklu leyti af staðháttum og umhverfi árinna.

Vatn sem hefur farið í gegnum lífræn yfirborðslög og lindarvatn á móbergssvæðum eru ríkust af uppleystum efnum og næringarsöltum. Ár sem fá vatn af gróðursælum lágheiðum og láglandi og renna þar langan veg, er því oft næringarríkar. Ár með stöðuvötn að baki hafa jafnari sumarhita vegna þess að stöðuvatn temprar hitasveiflur auk þess fá árna þar einnig lífrænt rek úr vötnunum og því eru þar næringarefnaríkari en ella væri.

Á eldri jarðfræðibeltum landsins þar sem jarðlög eru þétt, eru eindregnustu dragár landsins. Svæði þessi eru Vestfirðir, Austfirðir og Eyjafjarðarsvæðið. Yfirborðsvatn á þessum svæðum rennur oft beinustu leið í næsta læk og hefur því stutta viðkomu í yfirborðslögum jarðvegs og eru því ár á þessum svæðum næringarsnauðar (Aðalsteinsson 1982). Raffleiðnimælingar gefa hugmynd um magn næringarefna. Leiðni í Glerá mældist vera 29 μS (við 25°C) sem er fremur lágt. Það er því ljóst að frjósemisforsendur Glerár eru lakar.

Glerá er fiskgeng aðeins stuttan spöl og hugsanlega gætir einnig nokkurar mengunar í ánni þar sem hún rennur í gegnum Akur-eyrarbæ. Er þetta tvennt einnig til að minnka hugsanlega fiskframleiðslu í ánni. Í ám í nágrenni Glerár sem eru svipaðar er töluverð sjóbleikjugengd. Því er vel hugsanlegt að eitthvað af bleikjuseiðum alist upp í Glerá. Þetta var ekki hægt að athuga vegna flóða í ánni, þegar könnun þessi fór fram.

Lokaorð.

Glerá verður að teljast rýr til fiskræktar. Bæði er áin köld og næringarsnauð. Rennsli árinna er mjög misjafnt, auk þess er áin fiskgeng aðeins skamman veg.

HEIMILDIR.

Aðalsteinsson, Hákon 1982. Um fiskræktarskilyrði á Héraði.
Veiðifélag Fljótsdalshéraðs.

Rist, Sigurjón. 1956. Íslensk vötn. Raforkumálastjóri. Vatna-
mælingar. Reykjavík.

MYND 1
GLERÁ

